Dúkrista og þurrkrít

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Ásmundarsal opnaði ung myndlistarkona, Aðalheiður Valgeirsdóttir, sýningu á dúkristum og þurrkrítarmyndum um sl. helgi.

Þetta mun vera fyrsta einkasýning Aðalheiðar, en áður hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum heima og erlendis. Uppistaðan á sýningunni eru dúkristurnar, sem eru ekki einasta stærstar og fyrirferðarmestar heldur ótvírætt listrænastar. Í þeim kemur fram viss grafísk kennd fyrir miðlinum og möguleikum hans og hvernig hægt sé að lífga upp sáraeinföld form og fá þau til að lifa sínu eigin lífi.

Dúkristan er alveg sérstakur miðill innan grafík-tækninnar, með sín sérkenni og möguleika. Hér er tréristan skyldust, en mun harðari undir skurðarjárninu og erfiðari viðfangs. En möguleikar dúkristunnar eru engu að síður fjölþættir, enda hafa margir heimsþekktir listamenn unnið í henni og náð eftirminnilegum árangri, m.a. sjálfur Picasso.

Það er tvennt, sem er áberandi á þessari sýningu, og það er í hve fáum og einhæfum formum Aðalheiður vinnur, sem kemur niður á þurrkrítarmyndum hennar, sem



Aðalheiður Valgeirsdóttir

eins og verða eftir í listræna fluginu. Í öllu falli virka þær hálf líflausar innan um dúkristurnar, sem aftur á móti iða af innra lífi. Undraðist ég, hve gerandinn náði hér miklu úr litlu og vafalítið eru slík vinnubrögð einmitt ein meginundirstaða allrar mikillar listar.

Dúkristurnar eru óhlutlægar, en þó mjög lífrænar, sem einmitt gefur þeim gildi, en Aðalheiður getur einnig náð prýðilegum árangri í hlutlægum formum, svo sem litlu myndirnar sýna og vafalítið gæti hún nálgast meiri fjölbreytni í formum og hrist upp í hugarfluginu með því að leita meira til náttúrunnar.

En hvað sem öðru líður telst þetta eftirtektarverð frumraun.

Austræn áhrif

List og hönnun

Bragi Ásgeirsson

Í vestari gangi Kjarvalsstaða sýnir *Kristín Ísleifsdóttir* allnokkur leirlistarverk.

Kristín er skóluð í Japan og eru japönsk áhrif eðlilega ennþá greinileg í munum hennar, en hún er þó smám saman að móta eigin viðhorf í samræmi við persónuleika sinn.

Maður sér strax á hinum öguðu verkum Kistínar, að hún hefur notið strangrar og nákvæmrar leiðsagnar í anda japanskrar nútímahefðar í hönnun og mótun leirmuna.

Handbragðið er óaðfinnanlegt og einkum vakti athygli mína hin mjúka og skynræna áferð munanna svo og látlaus og fagur glerungur.

Einfaldleikinn og látleysið er aðal þessara leirmuna og þeir eru heilmikið augnayndi þeim, sem teljast hafa þroskað formkennd sína.

Listakonan forðast allar skreytingar, en dregur í þess stað fram eiginleika forma og áferðar til hins ýtrasta.

Inntakið í verkum hennar eru nokkur þemu, sem hún nefnir „Kafbátar", „Hjálmar" og „Varðmenn".

Hún hefur stillt varðmönnunum upp í langri röð, svo sem vera ber, og er þetta skemmtilegur liður í uppsetningunni, sem er hin vandaðasta.


Hér er á engan hátt leitast við að skapa hluti, sem ganga í augun á fólki, því að sjálft skreytigildið er í lágmarki og munirnir frekar líkastir sjálfstæðum rýmisverkum.

Hugmyndin að varðmönnunum er kannski sótt í kínverskan fornleifauppgröft fyrir nokkrum árum, er í ljós kom ótölulegur fjöldi varðmanna í fullri líkamsstærð, en getur þó allt eins verið af japönskum uppruna.

Þetta er sýning, sem vinnur á við hverja nýja heimsókn, þótt hún láti kannski lítið yfir sér í fyrstu.




YVES SAINT LAURENT



★ **Snyrtivörubúðinni, Laugavegi 76,**
fimmtudaginn 9. nóvember kl. 13-18.
★ **Bylgjunni, Hamraborg, Kópavogi,**
föstudaginn 10. nóvember kl. 13-18.

SIEMENS



Fjölhæft telefaxtæki!
Siemens HF 2303

- 16 stiga gráskali.
- Sjálfvirkt endurval.
- Símaskrá.
- Sjálfvirkur skjalamatari f. 30 bls.
- Valskífa á tæki.
- Skammval og hraðval.
- Klukkustýrð sending.
- Stafaskjár.
- Pappírshnífur.

Verð: 131.340 kr.

Bjóðum einnig fyrirferðarlítið skrifborðstæki, Siemens HF 2301, á **83.475 kr.**

SMITH&NORLAND
NÓATÚNI 4 · SÍMI 28300


TVÆR VANDAÐAR OG EIGULEGAR BÆKUR

eftir dr. Hannes Jónsson, fv. sendiherra



Lýðræðisleg félagsstörf

2. útgáfa 1989. Heilsteypt og yfirgripsmikil handbók fyrir alla þá, sem taka vilja ábyrgan þátt í félagsstarfi og ná árangri í fundarstörfum og mælsku. Bókin fjallar á hlutlausan, hagnýtan og fræðilegan hátt um alla þætti félags- og fundarstafa, fundi og fundarstjórn, félags- og forystustörf, mælsku, rökræður, lýðræðisskipulagið og samhengi félagslífsins. Auk þess eru í henni margar fróðlegar teikningar af hentugu fyrirkomulagi í fundarsal smærri og stærri funda. Í bókinni eru verkefni og dagskrár til þjálfunar á 10 málfundum. Hægt er að fá með henni snældur með 10 stuttum kennsluerindum höfundar, sem sniðin eru eftir verkefnaskrá æfingafundanna. Hentug bók fyrir málfundarstafsemi allra félaga, flokka og skóla.
304 bls. í Skírnisbroti.





Íslensk sjálfstæðis- og utanríkismál

Vönduð og stórfróðleg bók um mikilvægustu málefni ríkisins og stöðu þess í ríkjasamfélagi heims. Veitir innsýn í sjálfstæðis-, utanríkis- og öryggismál þjóðríkisins, konungríkisins og lýðveldisins eins og þau tengjast samskiptum okkar við önnur ríki. Kemur þar fram margt, sem ekki hefur verið á vitorði almennings. Bókin er árangur 35 ára starfsreynslu höfundar í utanríkisþjónustunni og fjölþættrar menntunar hans innan félagsvísinda og þjóðaréttar. Prýdd yfir 70 myndum, sem tengjast textanum.
Á erindi til allra Íslendinga, eldri sem yngri. 336 bls. í stóru broti.

Bókasafn Félagsmálastofnunarinnar,
Pósthólf 9168 – 109 Reykjavík – sími 75352.